

rúmt svigrúm, alveg frá einu ári upp í sextán ár. Dómstólar hafa ekki verið nægilega duglegir að nýta þennan ramma. Þó ber að halda því til haga að undanfarnin misseri hafa dómur þyngst hægt og rólega sem ber auðvitað að fagna. Ég vil sjá þessa þróun gerast hraðar. Á hinn bóginn finnst mér eins og dómur fyrir ýmis fíkniefnabrot séu komnir út úr öllu korti. Einstaklingur sem flytur fíkniefni á milli landa fær kannski 7-8 ára dóm. Auðvitað er það alltaf alvarlegt að flytja fíkniefni til landsins en það þarf að vera eitthvert samræmi á milli sem skortir að mínu mati. Þótt dómstólar séu sjálfstæðir þá má maður hafa skoðun á þeim. Við höfum séð að almenningsálitið hefur skipt dómstóla máli og dómur í fíkniefnamálum þyngdust eftir talsverða umræðu í samfélaginu. Þingið hefur reynt að senda dómstólum skilaboð og síðastliðið vor var lágmarksrefsing fyrir kynferðisafbrot gegn börnum hækkuð. Með því erum við auðvitað að senda dómstólunum skilaboð.

Eigum ekki að gefa afslátt

Ágúst Ólafur segist hafa haldið uppi baráttumálum femínista og jafnréttis. „Eitt stærsta jafnréttisbrotið hér á landi er kynbundinn launamunur sem við þurfum að beita öllum til-tækum leiðum til að útrýma. Ég hef nálgast mín viðfangsefni á þingi út frá femínísku sjónarhorni. Kynhlutlausar ákvarðanir koma mismunandi niður á kynjunum og eitt dæmi er þegar Háskóli Íslands neyddist, vegna fjárskorts, til að hafna fólki sem hafði ekki stúdentspróf. Þetta virtist vera kynhlutlaus ákvörðun sem átti að hafa áhrif óháð kyni. Hins vegar bitnaði þetta harðar á konum vegna þess að það voru mikið til eldri konur sem höfðu nýtt sér þennan möguleika. Það er alltaf nauðsynlegt að hafa þessi kynjagleraugu á sér. Jafnréttismál eru mér ofarlega í huga hvort sem er lengingfæðingarorlofs, gjaldfrjálsleikskóli, baráttan gegn heimilisofbeldi, fjölgun kvenna í stjórnunarstöðum og svo framvegis. Jafnrétti á að vera almennt og við eigum ekki að gefa afslátt á jafnrétti eða mannréttindum.“

Rætið og ósanngjarnt umtal

Það er enginn vafi að fjölskyldan skiptir Ágúst Ólaf miklu máli því hann ljómar þegar talið berst að henni. „Fjölskyldan er það dýrmætasta sem ég á og það skemmtilegasta sem ég veit er að vera með dætrum mínum og konu. Þetta er það sem gefur lífinu fyllingu og það er mikill akkur í því að konan mín, Þorbjörg Gunnlaugsdóttir, er minn besti vinur og það er gott að geta leitað til hennar því það er ekki alltaf auðvelt að vera í pólitík. Umtalið getur oft verið rætið og ósanngjarnt og það er margt sagt sem er beinlínis rangt. Sem er miður því heiðarleiki og heilindi skipta gríðarlegu máli í stjórn málaumræðu. Þó menn gefi sig fram til að taka þátt í stjórnmálalífi þá fer maður fram á að manni sé sýnd sanngirni. Að sjálfsgöðu á að gagnrýna stjórnmálamenn en það er nauðsynlegt að vera sanngjarn gagnvart stjórnmálamönnum eins og gagnvart öðru fólki.“

Markmið að eignast fimm börn

Ágúst viðurkennir að hann hafi lengi gengið á eftir konu sinni með grasíð í skónum. „Við byrjuðum að vera saman í lögfræðinni en það vill svo til að við erum bæði alin upp á Seltjarnarnesi. Þorbjörg er einu ári yngri en ég og við vorum samferða í gegnum skólana, bæði í gegnum Mýrarhúsaskóla, Valhúsaskóla, MR og svo í lagadeildinni. Ég hafði augastað á henni alveg frá því í gagnfræðaskóla en það tók allan þennan tíma að ná henni algjörlega til mín. Við höfum verið gift í tæpt ár, verið saman í sjö ár og eigum tvær yndislegar dætur og tvo ketti. Við erum hugguleg vísitölu-fjölskylda að mínu mati og ég er mjög hamingjusamur í mínu fjölskyldulífi og met það ofar öllu,“ segir Ágúst og bætir við að margt hafi breyst eftir að hann eignaðist börn. „Það breytti lífi mínu að öllu leyti að verða faðir og lífið batnaði verulega. Auðvitað varð


það erilsamara en líka miklu skemmtilegra, litríkara og fjörugra. Ég er spenntur að fjölga mannkyninu enn frekar náist samkomulag um það við frúna. Ég hafði alltaf það markmið að eignast fimm börn en í tilhugalífinu náði konan mín að semja um fjögur.“

Enginn er ómissandi

Aðspurður hvort Ágúst hugsi um dætur sínar þegar hann leggur fram frumvarp segist hann hugsa um samfélagið í heild. „Ég tel mig vera hugsjónamann. Um leið og þingstarfið verður leiðinlegt eða menn fara að krefjast að ég slái af hugsjónum mínum þá hætti ég. Ég hef fleiri valkosti eins og margt ungt fólk í dag en ég er á Alþingi til að hafa áhrif og bæta lífskjör samborgara mína. Mér finnst göfugt markmið að vera stjórnmálamaður því þó okkur greini á um leiðir þá er markmið

allra stjórnmálamanna það sama, að gera þjóðinni gagn og skilja við samfélagið í betra ásigkomulagi en það var þegar menn gengu inn í það. Það er drifkrafturinn sem liggur að baki mínum pólitíska metnaði og rekur mig áfram. Ég hef heilbrigðan metnað, vil gera gagn og ég tel mig geta gert bæði flokknum og samfélaginu gagn. Ég veit að enginn er ómissandi enda kemur maður í manns stað. Ég nálgast því starfið af ákveðinni auðmýkt. Ég er þakklátur fyrir þetta tækifæri og væri ekki hér nema ég hefði ákveðinn stuðning, bæði meðal flokksmanna Samfylkingarinnar og meðal almennings. Það eru þeir hópar sem hafa komið mér þangað sem ég er, enginn annar. Mér hefur ekki verið stillt upp af einhverri elítu.“

svanhvit@bladid.net



KOMDU OG HITTU „ÞETTA FÓLK“

ÞJÓÐAHÁTÍÐ 2007

- Matur frá öllum heimshornum
- Fjölþjóðlegur dans og söngur
- Kvikmyndir og leiklist
- Skemmtun fyrir alla

Íþróttahúsinu við Strandgötu í Hafnarfirði

Laugardag 2. júní 2007 — kl. 12-18

Allir velkomnir – ókeypis aðgangur

MATUR OG MENNING ALLRA ÞJÓÐA – GJÖRIÐ SVO VEL!

Luciano Dutra hannaði